



Minnisblað til ráðherra

Viðtakandi	Fjárlaganefnd	Dagsetning
Sendandi	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Málsnúmer

Nýjar og breyttar heimildir í 6. gr. vegna fjárlagafrumvarps 2025

Við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár hafa borist beiðnir frá fagráðuneytum og stofnunum sem koma að umsýslu eigna er snúa að breyttum eða nýjum heimildum. Eftir yfirferð á þeim beiðnum sem hafa borist er lagt til að eftirfarandi tillögur verði bætt við í 6. gr. fjárlaga fyrir næsta ár:

Sala fasteigna

- Að selja fasteignina Lækjabakka við Geldingarlæk, Rangárþingi ytra.
 - Um er að ræða húsnæði sem var nýtt sem meðferðarheimili fyrir ungmenni á vegum Barna- og fjölskyldustofa. Eignin þykir óhentug og er með talsverða viðhaldsþörf.
- Að selja Kópavogsbraut 1c í Kópavogi eða færa eignina til Vigdísarholts ehf. í formi hlutafjár.
 - Gerð er breyting á heimildinni frá fyrra ári þar sem við bætist heimild til að færa fasteignina Kópavogsbraut 1 til Vigdísarholts ehf. í formi hlutafjár. Um er að húsnæði hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar sem ríkissjóður eignaðist á sínum tíma í kjölfar skuldavandræða Sunnuhlíðarsamtakanna. Vigdísarholt sem rekur hjúkrunarheimilið og er að fullu í eigu ríkisins áformar að ráðast í talsverðar endurbætur á eigninni til að það uppfylli nútímaviðmið. Þar sem framkvæmdirnar verða á vegum félagsins og eignfærðar í bókum þess er til skoðunar að færa eignarhaldið til félagsins eða dótturfélags á vegum þess til að einföldunar á rekstrarfyrirkomulagi.

Ráðstöfun lóða, spildna og jarða

- Að selja eða leigja landspildur ríkisins á Reykjanesi.
 - Ríkissjóður á talsvert af landi á Reykjanesi, t.a.m. spildur og lóðir í Reykjanesbæ, tvær jarðir við Flekkuvík á Vogum og jörðina Stað vestanmegin við Grindavík sem til skoðunar hefur verið að ráðstafa undir nýtingu í atvinnuskyni.
- Að heimila Jarðasjóði að ganga til samninga við ábúendur ríkisjarða um breytingar á ábúðarsamningum yfir í nýtt leigufyrirkomulag auk uppgjörs á eignum á viðkomandi leigujörð sé eignarhald í blandaðri eigu ríkisins og ábúandans.
 - Núverandi kerfi ábúðar á ríkisjörðum byggist á tilteknum skyldum og kvöðum sem fram koma í jarða- og ábúðarlögum. Ljóst er að ábúðarkerfið er að mörgu leyti sniðið að þjóðfélagsháttum fyrri tíma og hefur það lítið breyst í tímans rás. Mikill vilji er fyrir því af hálfu stjórnvalda að byggð haldist á sem flestum jörðum í sveitum landsins og að hentugar bújarðir í eigu ríkisins standi til boða til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi eins og kostur er. Ýmsir agnúar eru hins vegar á núverandi ábúðarkerfi sem er nauðsynlegt að sniða af til hagsbóta fyrir ríkið sem landeiganda sem og ábúendur. Tilgangur heimildarinnar er gefa ábúendum kost á því að færa



Minnisblað til ráðherra

leigusamninga sína yfir í hefðbundnara fyrirkomulag auk þess að ganga frá uppgjöri á eignum á leigujörð sé eignarhald í blandaðri eigu ríkisins og ábúandans.

- Að heimila ráðstöfun á landi Skriðufells í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna áforma um uppbyggingu á starfsemi eða innviðum við Þjórsárdal.
 - Fyrirhuguð er talsverð uppbygging á svæðinu við Skriðufell í Þjórsárdal sem er ætluð ferðaþjónustu en heimilt er skv. skipulagi sveitarfélagsins að byggja þjónustumiðstöð, tjaldsvæði og gístaðstöðu á landi ríkisins við Selhöfða. Sveitarfélagið stóð fyrir auglýsingu á uppbyggingu á innviðum svæðisins sem nær bæði til landsvæðis innan Þjóðlendu og ríkisjarðarinnar Skriðufells. Til að hægt sé að ganga til samninga um ráðstöfun á landi í eigu ríkisins við Skriðufell þarf að afla heimildar til slíkrar samningsgerðar í 6. gr. fjárlaga og fylgja því ferli sem kveðið er á um í lögum nr. 100/2021 um nýtingu á landi ríkisins í atvinnuskyni.
- Að heimila ráðstöfun á landi Mógilsár í Reykjavík með sérleyfis- eða rekstrarleyfissamningum vegna áforma um uppbyggingu á þjónustumiðstöð og svifferju í Esjuhlíðum.
 - Á vegum FSRE er til skoðunar hvort áhugi sé meðal markaðsaðila að ráðast í uppbyggingu við Mógilsá við Esjuhlíðar fyrir ferðaþjónustu og göngufólk. Unnið er að forathugun þar sem möguleikar svæðisins eru betur greindir og valkostir metnir í samræmi við lög nr. 100/2021 um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.
- Að heimila Jarðasjóði að selja jarðirnar Önundarhorn og Gíslakot, Rangárþingi eystra.
 - Ríkið eignaðist þessar tvær jarðir í kjölfar eldgossins undir Eyjafjöllum árið 2010. Í gildi er skammtímaleigusamningur um jarðirnar. Ekki er talið að sérstakir almannahagsmunir kalli á að land jarðanna þurfi að vera í eigu ríkisins og af þeim sökum er lagt til að sölumöguleikar á jörðunum verði skoðaðir.
- Að ganga til samninga við Minjavernd um ráðstöfun á landi Ólafsdals í Gilsfirði.
 - Minjavernd stendur fyrir umtalsverði uppbyggingu og endugerð menningarminja í Ólafsdal þar sem fyrsti bændaskólinn á Íslandi var upphaflega rekinn. Árið 2015 var þáverandi byggingum og 57,5 hektara landi afsalað til Minjaverndar. Frá þeim tíma hefur Minjavernd staðið að framkvæmdum á svæðinu fyrir um 700 m.kr. en áætlaður heildarkostnaður er um 1.250 m.kr. Til skoðunar er að ganga til samninga við Minjavernd um ráðstöfun á stærra landi undir verkefnið eða um 40 hektara til viðbótar sem liggja við Gilsfjörð til að auka aðdráttarafl fyrir starfsemi á svæðinu. Til greina kemur einnig að koma á fót dótturfélagi sem yrði í sameiginlegri eigu Minjaverndar og Stórðar til að halda utan um eignarhald á eignum í Ólafsdal.

Kaup og leiga fasteigna

- Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir meðferðarheimili og þjónustustofnanir fatlaðra.
 - Um er að ræða endurnýjaða heimild frá fyrra ári sem er rýmkuð með þeim hætti að hún nái einnig til húsnæðis undir meðferðarheimili en ekki eingöngu þjónustustofnanir fatlaðra vegna brýnnar þarfar á að bæta við meðferðarrýmum einkum fyrir börn og unglinga á vegum Barna- og fjölskyldustofu.
- Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Rannsóknarnefnd samgönguslysa.
 - Núverandi starfsemi er á fjórum stöðum og að hluta í óhentugu húsnæði sem uppfyllir ekki kröfur sem gerðar til starfseminnar. Með því að koma starfseminni fyrir á einum stað er hægt að stuðla að auknu hagræði.



Minnisblað til ráðherra

- Að kaupa hesthús við Brúnastaði í Hjaltadal vegna hestafræðideildar Háskólans á Hólum.
 - Um er að ræða 3.500 fm hesthús sem Háskólinn á Hólum hefur leigt á undanförunum árum undir hestafræðideild skólans. Húsið hefur fyrst og fremst verið nýtt undir nemendahesta og hesta í eigu skólans. Viðræður við eiganda eignarinnar hafa ekki verið hafnar og ekki liggur fyrir á þessu stigi hvert mögulegt kaupverð gæti verið.

Kaup og sala hlutabréfa og aðrar ráðstafanir vegna umsýslu félaga.

- Að koma á fót félagi í samstarfi við sveitarfélög um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.
 - Í samræmi við samkomulag ríkisins við sveitarfélög um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu er lagt til að heimildar sé aflað til að ríkissjóður geti tekið þátt í stofnun sérstaks félags sem fær það hlutverk að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að félagið verði í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga og ríkissjóður fari þar með þriðjungshlut.

Ýmsar heimildir

- Að heimila ráðstöfun á losunarheimildum til flugrekenda, í samráði við ráðherra loftslagsmála, sem tilheyra íslenska ríkinu í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.
 - Heimildin varðar viðbótarúthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda, sem á að fara fram árin 2025 og 2026, sbr. ákvæði II. til bráðabirgða við lög nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- Að ganga til samninga um uppgjör á ÍL-sjóði með skiptum á eignum úr eignasafni sjóðsins og tilteknum eignum ríkissjóðs, eftir atvikum skuldabréf, hlutabréf og aðrar sambærilegar eignir ásamt því að gera upp fyrirliggjandi ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs.
 - Gerð er breyting á orðalagi heimildarinnar frá fyrra ári til að ná betur utan um þær leiðir sem til skoðunar eru við uppgjör á ÍL-sjóði og skuldbindingum ríkissjóðs á þeim skuldum.
- Að standa að stofnun sjóðs um verk Jóns Leifs tónskálds og ráðstöfun eigna og réttinda úr dánarbúi sonar Leifs Jónssonar til slíks sjóðar sem annars myndu renna til ríkissjóðs.
 - Að beiðni menningar- og viðskiptaráðuneytisins hefur verið óskað eftir að stofnaður verði tónskáldasjóður um verk Jón Leifs. Sonur Jón Leifs, Leifur Leif, lést á síðasta ári og var eini erfingi Jón Leifs. Þar sem Leifur Leif átti enga löngferingja munu eignir úr dánarbúinu renna til ríkissjóðs í samræmi við ákvæði erfðalaga. Unnið hafði verið að stofnun sjóðs um verk Jón Leifs í samræmi við það sem kom fram í erfðaskrá sem Jón Leifs lét eftir sig. Ekki tókst hins vegar að ljúka stofnun sjóðsins meðan Leifur Leifs var á lífi. Af þeim sökum er þörf á að afla sérstakrar heimildar til að ráðstafa höfundarrétti af tónverkum Jóns Leifs ásamt fjármunum úr dánarbúi Leif Leifs til sérstaks tónskáldasjóðar sem til stendur að koma á fót. Um er að ræða um 20 m.kr. innstæður á bankareikningi og höfundarréttargreiðslur sem eru áætlaðar um 550 þús.kr. árlega til ársins 2039.